

mánaðar. Attin var vestlægari en í október og sjaldan rakin sunnanátt.

Fokmistið aðfaranótt 5. nóv. og fyrripart þess dags er með þéttasta mistri, er hér hefir komið, síðan veðurathuganir byrjuðu.

Begar frostið kom hinn 13. nóv. var klakamyndun fyrst hægfara, vegna þess hve jörð var vatnslítill. Úrfellið í mánuðinum var um fjórðungur af meðalúrfelli í nóvember. Um helmingur þess var snjór.

Í desember mældist lægsta hitastig, er mælt hefir. Fór frostið í 18,4 stig hinn 28. ~~XXXX~~ des.

Af því að snjólag skýldi hér jörðinni meðan frostið var, var rækt- að land mikið til grænt, er snjóinn tók upp í hlákunni um miðjan mánuðinn.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1965.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskins- stundir	Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	-1,3	-0,2	61,5	-45,8	1,7	-
Febr.	2,1	+3,3	3,7	-64,0	63,0	-
Marz	-3,7	-3,7	3,9	-40,5	133,9	-
Apríl	1,5	0,0	29,9	-10,4	144,0	-
Mai	4,8	-1,0	3,5	-20,8	195,0	-
Júní	7,8	-1,2	11,7	-17,2	161,1	41,78
Júlí	9,9	-1,0	19,3	-20,2	160,4	58,90
Ágúst	9,8	+0,1	26,4	-13,3	111,5	55,89
Sept.	5,2	-2,2	34,6	-18,0	62,3	-
Okt.	6,7	+2,3	24,7	-42,9	46,9	-
Nóv.	-0,8	-2,4	18,2	-64,6	5,3	-
Des.	-3,9	-3,3	67,5	-25,0	-	-
Árið	3,8	-0,9	304,9	-382,7	1.085,1	-
Júní- sept.	8,2	-1,1	-	-	-	-

Vik frá meðallagi er reiknað eftir meðaltölum árána 1941-1964, að báðum meðtöldum.

Ásumrinu komu 2 dagar með 20 stiga ~~maxxxxx~~ hámarkshita og yfir: 29. og 30. maí, báða dagana 20,3 stig.

Frost varð í mælaskýli alla mánuði nema ágúst. Eg set hér á eftir nokkrar tölur yfir lægst hitastig á sumrinu til þess að sýna, hve kalt sumarið var:

$$x \sum_0^A 45,7$$

~~XXXXXXXXXX~~

Mánaðardagur	Í mælaskýli	Við jörð
Mái 20.	-4,6	-7,0
" 25.	1,9	-1,0
" 26.	1,7	-0,1
" 28.	2,6	-0,7
Júní 4.	1,1	-2,0
" 7.	3,1	-0,9
" 8.	-0,5	-2,7
" 9.	2,7	-0,5
" 12.	1,5	-1,5
" 22.	1,0	-1,0
" 23.	-0,3	-3,5
Júlí 7.	-0,6	-3,9
" 8.	-1,1	-3,8
Sept. 6.	-0,5	-1,5
" 7.	1,6	-1,5
" 16.	1,3	-1,7
" 21.	2,9	-0,7
" 22.	-0,1	-1,8
" 29.	0,9	-1,7
" 30.	-0,7	-2,9

2. Vöxtur og þrif trjágróðursins.

a. Laufgun og lauffall. Birkiskógurinn varð allaufgaður hinn 6. júní, en 30. maí var farið að slá allmiklum grænum lit á hann.

Hinn 22. september var birkið farið að gulna efst í skóginum. Þann dag var þingvíðir orðinn gulur, gulvíðir og lerki aðeins að byrja að gulna, en reynir ekkert. Hinn 28. sept. var skógurinn orðinn mikið gulur og lauf tekið að falla nokkuð, en það var ekki fyrr en 8. október, sem mest lauf féll af skóginum ofanverðum. Þann dag var lerki tekið að gulna allmjög. Hinn 11. okt. féll allt lauf af birki og mikið af lerki.

Lerki í ungum teigum fór að grænka hinn 24. maí og voru þeir orðnir alveg ~~XXXXXXXXXX~~ grænir tilskyndar 27. maí. Hinn 30. maí taldist lerkið útsprungið, en mest féll af nálum þess hinn 11. okt.

b. Vöxtur. Á birki varð nú meiri vöxtur en í mörg undanfarin ár, þrátt fyrir hið kalda sumar. Víða á ungum birkitrjám reyndust ársprotar 40-50 cm á lengd. Eg man aldrei eftir birkiskóginum eins fallegum og á þessu sumri. Hann hélt frísklegum blæ alveg til hausts. Tvennt olli þessu sjálfsagt: Birkimaður sást naumast á þessu sumri og svo voru yfirleitt miklar stillur, svo að skógurinn bældist aldrei eins og hann gerir oft í hvössum landveðrum.

Hæðarvöxtur á lerki var miklu minni en áður. Á það vafalaust rót sína að rekja til þess hnekkis, sem lerkið beið vorið 1964. Ársprotarnir voru bæði stuttir og grannir og mikið af tvítöppum. Sama er að segja um nálur á dvergspótum, þær voru ákaflega grannar, minntu mikið á skugganálur.

Vöxtur á greni var auðvitað með minna móti, sérstaklega á sitkagreni. Vöxtur þess var ákaflega lítill, nema í grenireitnum við Klif-tjörn (þar sem geysimikið vatn er ofarlega í jörðu; þó aldrei eins lítið og í sumar). Á þessum eina stað óx sitkagrenið (pl. 1958) betur en rauðgreni, sem er í annarri hverri röð. Á þessum ungu trjám fundust 25 cm ársprotar. Mestur vöxtur varð þó á rauðgreni í Lýsishól (pl. 1954). Þar mældust sprotar allt að 35 cm.

Fura óx nú með minnsta móti. Hins vegar eru nú ungir teigar af stafafuru að verða ákaflega fallegir. Er það einkum teigurinn frá 1957 (Wedellsborg).

c. Fræfall á birki var ívið meira en 1964, þrátt fyrir hinn mikla kulda, hvað sem valda kann. Safnað var 4,5 kg af birkifræi. Var mest af því tekið í belti í gróðrarstöðinni af trjám, sem eru upprunnin frá Bjarstað.

Geysimikið var af könglum á blágrenitrjánum gömlu í Mörkinni og gömlu rauðgrenitrjánum í Mörkinni og við Jökullæk, ennfremur dáltið í yngri teigum. Er þetta langmesta könglamyndun á greni síðan 1956. Nokkuð var af könglum á stikagreni, broðfuru og stafafuru. Í fyrsta skipti bar broðgreni hér köngla. En það voru aðeins 2 stk. á einu trénu við Húsmæðraskólann. Alls safnað 3 þekar rauðgr., 2 blágr., 1 brodd:

Þetta mikla fræfall kemur eins og skrattinn úr ~~skóginum~~ ^{skóginum} mitt í þessu kuldatímabili. Mér hefir dottið í hug, hvort hitakaflinn mikli seinnipart júlí 1964 gæti hafa orsakað þessa miklu blómgun.

3. Skaðar á trjám.

Naumast er hægt að ræða um trjáskaða af neinu tagi á þessu sumri, nema nefndir séu lítils háttar frostskaðar á hliðargreinum á ungu lerki og rauðgreni næturnar 7. og 8. júlí.

Hér má og geta þess, að hæsta bergfuran í skóginum, er stóð neðan við lerkitrén hjá Markarhúsinu, féll í vestanstormi um miðjan október. Kubbaðist tréð þvert niðri við rót. Það var 8,95 m á hæð.

4. Klaki í jörðu.

Í ársbyrjun var 10 cm þykkur klaki undir þunnu mosalagi í skóginum. Hinn 16. marz var enn ekki nema 10 cm þykkt í skóginum, en í frostakaflanum mikla 16.-27. marz þykknaði klaki í skóginum um 20 cm og var orðinn 30 cm í lok hans. Komið var talsvert fram í júní, er klaki var horfinn.

Í lok þessa frostakafla var klaki í græðireitnum orðinn 77 cm þykkur, en um mánaðamót apríl-maí var þíða lagið ofan á honum orðið um 20 cm.

II. S t a r f s f ó l k.

Tafla II. skýrir sig sjálf, en vinnustundir ná þó ei til ákvæðisvinnu.

Tafla II. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1965.

Mánuður	Fjöldi	Vinnustundir	Tímavinna kr.	Ákvæðisv. kr.
Jan.-marz	6	1.888	84.975,40	-
Apríl	4	768	35.699,11	-
Maí	15	2.046	86.665,30	-
Júní	26	4.734	197.901,75	30.913,65
Júlí	24	3.052	132.109,28	3.746,25
Ágúst	12	2.323	107.420,15	-
September	9	1.151	53.255,72	-
Okt.-des.	3.	1.334	64.656,89	-
Alls		17.296	762.683,60	34.659,90
			797.343,50	

Af þessari heildarupphæð kaupgreiðslna gengu kr. 469.186,78 til fólks, sem búsett er í Vallahreppi. Annars er það áberandi, að þessi síðustu ár fækkar æ þeim stúlkum héðan úr nágrenninu, sem sækja hingað vinnu. Meiri hluti stúlkanna er orðinn úr Reykjavík.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og undanfarin

ár. Hann sá um verkstjórn í gróðrarstöðinni, nema hvað ég sá að mestu leyti um plöntuafgreiðslu. En ég sá um framkvæmdir utan stöðvarinnar.

Páll fór orlofsferð til Noregs um miðjan ágúst. Fór Bragi Jónsson á Freyshólum með honum. Þeir félagar heimsóttu ýmsar skógræktarstöðvar, m. a. Vinnuskólann á Sönsterud, gróðrarstöðina þar, verksmiðju Jo-Bu í Dröbak o. fl. Í fjarveru Páls sá Ólafur Einarsson skógtæknir úr Kópavogi um gróðrarstöðina og fórst það prýðilega.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona í mótuneytinu eins og undanfarin ár.

Jón Jósep Jóhannesson var frá júníbyrjun til ágústloka. Hann hafði á hendi umsjón með plöntuninni, en gafst nú í júlí og ágúst nokkur tími til þess að sinna ferðafólki, þó ekki eins mikill og æskilegt hefði verið.

Hannes Þórðarson kom og vann með Baldri Jónssyni að viðgerð Jór-
víkurgirðingarinnar í ágústmánuði.

Anna Ingólfssdóttir úr Reykjavík reiknaði út kaup yfir mesta annatímann og sá um útborganir.

Sú breyting varð á starfsliði okkar, að Guðmundur Jónsson hætti störfum hjá okkur í júnímánuði. Hann gerðist mjólkurbílstjóri sveitarinnar. Hann hafði þó góð orð um að vinna áfram á jarðýtunni, eftir því sem tími hans leyfði. Af því gat ekki orðið, þar eð hann veiktist í baki á miðju sumri og sneri því alveg baki við ýtunni. Þetta var auðvitað óþægilegt í bili, því að Guðmundur þekkti ýtuna orðið betur en buxnavasann sinn, fór framúrskarandi vel með hana og var orðinn ákaflega flínkur ýtumaður. Um þetta tjóar auðvitað ekki að ~~KKKKK~~ sakast, menn koma og fara úr störfum. En við höfum enn ekki fundið ýtumann í stað Guðmundar.

Allur seinni helmingur júnímánaðar var afskaplega kaldur, suma dagana svo, að illvinnandi var við plöntur í gróðrarstöðinni. Þessi kuldatími var lítið betri plága en influenzufaraldurinn árið áður og setti geysilega niður afköst stúlknanna í stöðinni, þótt ekki verði hann tölum talinn.

III. G i r ð i n g a r.

1. Viðhald.

a. Hallormsstaður. Nauðsynlegasta viðhald var framkvæmt, en stöðaði lítt framan af sumri, því að Vegagerð ríkisins kom ekki upp pípuhliðinu við Sólheima fyrr en í lok júlí, þegar mesta umferðin var um garð gengin. Rann fé mikið inn um hliðið. Nokkuð bætti þó úr, að leigendur á Sólheimum gættu hliðsins talsvert.

Allmikil vinna var við að tengja girðinguna í hliðið, því að það var sett dálítið úr gömlu línunni. Svo var gengið frá gönguhliðinu, sem við lögðum til, eins og um var samið við Vegagerðina.

Það versta er, að þessi pípuhlið reynast hvergi nærri gripheld. Bæði kindur og hestar hafa sézt ganga yfir grindurnar í rólegheitum, án þess styggð væri að þeim. Veit ég satt að segja ekki, hvað til bargöðs skal taka í þessu efni.

Kostnaður við viðhald Hallormsstaða- og Mjóanesgirðinga varð 11.700 kr.

b. Jórvík. Geysimiklar skemmdir urðu á þessari girðingu. ~~TÁKK~~ Tók langan tíma að lagfæra þær. Var gert við hið allra brýnasta í júní, en aðalviðgerðin fór fram í ágúst. Voru þeir við það Hannes Þórðarson og Baldur Jónsson.

Kostnaður við þetta varð 14.700 kr.

2. Nýjar girðingar.

a. Mjóanes- og Hafursárgirðing. Ekki tókst að ljúka hliðunum, sem

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1965.

I. Birki:

Staurar: B II	2.710 stk.	18,0 tonn	
B III	1.474 "	6,0 "	
B IV	1.090 "	4,0 "	
Styttur	1.070 "	2,0 "	
Eldiviður		29,8 "	(Heimanotkun 15,0 t)
Reykingaviður		<u>7,5 "</u>	
Samtals		67,3 "	og 104.805 kr.

II. Lerki:

Staurar: B II	15 stk.	0,1 tonn	
B III	50 "	0,5 "	
Samtals		0,6 "	og 1.700 kr.

Staurar alls (lerki og birki) 5.339 stk.
 Styttur alls (birki) 1.070 "

135,8 tonn
 68,9

eftir var að ganga frá í þessari girðingu. Þau eru hins vegar að heita fullsmíðuð.

Á þessu ári kom til greiðslu megnið af efni í hliðin, svo að bók-færður kostnaður á þessum lið er 20.000 kr.

b. Ásagirðing. Í sambandi við hugmyndir um að girða af Ásana fyrir innan Hallormsstaðaskóg og heimaland Buðlungavalla og í framhaldi af fyrri athugunum kom Einar Sæmundsen hingað austur um mánaðamótin apríl-maí til þess að kanna hugsanlegt girðingarstæði með okkur heimamönnum. Við töldum okkur komast að nokkuð ákveðinni niðurstöðu í þessu efni og miðuðum við það, að farið yrði með girðingu inn að Grafningsá, sem er rétt innan við túnið á Skjögrastöðum. Síðan yrði Gilsá fylgt niður að Þjóðvegi og girt út með veginum og í Fljótið á klöppum við Buðlungavallavík. Að utanverðu yrði girðingin tekin úr skógargirðingunni, þar sem hinum endurnýjaða kafla lýkur utan við Kerlingará og haldið inn fyrir neðan Kerlingarbotna, inn á ~~MX~~ Halakletta og farið á ská niður fjallið og komið niður fyrir innan Klifárdrög.

Þessi vegalengd reyndist alls um 9,5 km og flatarmál hins friðaða lands, sem þarna fengist, 6-700 ha eftir lauslegum útreikningi.

IV. Skógarhögg.

Skv. töflu III. varð skógarhöggið nú minna en árið áður. Nemur minnkunin liðlega lækuninni á notkun eldiviðar hér heima, en hún er ei talin nema 15 tonn. Salan nam 106.500 kr. og munar mestu, hve minna féll af lerki en árið áður, en einnig því, að mun minna nýttist í staura en árið á undan, enda var þá mikið högg í Lýsishól, þar sem skógur er beinvaxnastur og nærri hvert tré nýttist í staura.

Seld voru 175 jólatré og 139 kg af furugreinum. Nemur verðmæti þess rúmunum 30.000 kr.

Skógarhöggið fór nær allt fram á tveimur svæðum:

a. Í Partinum, þar sem höggvið var ofan af öllu lerkinu frá 1959 og 1960 og talsverðu af rauðgreni frá 1958, m. a. alveg ofan af jóla-trjáreitunum.

b. Í Ljósárkinn, þar sem grisjaðir voru um 3 ha fyrir plöntun. Ennfremur voru mælingafletirnir í Guttormslundi grisjaðir.

V. Gróðrarstöð.

1. Umbætur.

Engin nývirki má telja á árinu, en í haust var unnið allmikið að endurbótum í reitum A og C. Var ekið í þá 50 hlössum af mómold og 12 hlössum af sandi. Þetta voru stykki í reitnum, þar sem við vorum mjög óánægðir með vöxtinn, en voru einmitt laus núna og þurfa að vera tilbúin til notkunar í vör.

Nokkuð var dyttað að gluggum.

Í haust drifum við okkur loksins í að ganga frá ofurlitlu "arboretum" í elzta hluta græðireitsins, þar sem ekkert hefir verið sett niður undanfarin ár. Ömuleiðis var lagfært kringum stærstu Alaskaaspirnar.

Allur kostnaður, sem færður er á þessa liði, nam 16.900 kr.

2. Fræplöntur.

Sáð var nú í 604 m², sem er meira en árið á undan. Þetta er minnst þriðjungur af mikil sáning, að mínum dómi. Sáning hér ætti hreint ekki að fara yfir 400 m².

Nú var sáð aðeins seinna en í fyrra. Greni og furu 4. júní, en lerki 7. og 8. júní. 1/0 plöntur eru taldar 308.000.

Spírun á þeim tegundum, sem sáð var og máli skipta, var góð, nema á Arkangelsklerkinu. Það spíraði illa. Norska fjallabirkið einnig, því

miður, en íslenzka Bajarstaðabirkið spíraði afar vel (of mikið!).

2/0 plönturnar eru ekki 130.000, eins og ég gat um í skýrslu fyrra árs, heldur 247.000. Það kom í ljós við plöntutalninguna í haust (við nánari eftirgrennslan), að ég hafði gert mig sekan um reiknings-skökkju í fyrra: gleymt að margfalda allar tölur yfir 1/0 plöntur þá með 2!

Þessar plöntur uxu afbragðsvel í sumar, einkum lerkíð (sem varð of hávaxið fyrir dreifsetningu) og birkið, sem kom alveg sérstaklega vel til og verður mest ágæt söluplöntur. Það kom nú í ljós, að birkisáningin, sem okkur fannst alltof gisin í fyrra, gaf miklu betri plöntur en við höfum lengi haft. Hún var nefnilega mátulega þétt!

Enn eru eftir afgangar og prufur af 3/0 plöntum, sem nauðsynlegt er að dreifsetja. Loks get ég hér um talsvert af mjög merkilegum prufum, sem nú eru 4/0, en ég hefi ekki tekið á birgðaskýrslu.

Plönturnar til dreifsetningar eru taldar 211.000 - og er þá ekkert birki talið með, sem óhjákvæmilegt verður þó að dreifsetja. Eitthvað af þessum plöntum verður að senda til annarra stöðva eða henda þeim, því að ég tel ei koma tilgreina að dreifsetja hér nema mest 150.000 pl. í vör.

Kostnaður við fræplöntur varð 65.400 kr., en var áætlaður 50.000.

3. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru nú aðeins 235.400 plöntur, eða mun minna en ætlað var. Kom þetta **XXX** af sjálfu sér, þegar vinnan í stöðinni lamaðist öll í kuldanum seinni partinn í júní.

Sagan frá í fyrra endurtók sig, að þeirra varð dreifsetningunni hér og þar um reitinn, sakir skorts á samfelldu plássíð

Kostnaður við dreifplöntur varð 107.000 kr., en var áætlaður 110.000.

4. Garðplöntur og græðlingar.

Garðplöntusalan varð nú enn minni en árið á undan. Túlega olli mökkru, hve seint voraði niðri á Fjörðum eða ekki fyrr en komið var taksvert fram í júní - en einmitt um þær mundir kom mikil síldarhrota hér eystra, svo að ég geri ráð fyrir, að fólk hafi raunverulega misst "garðavorið" sitt. Nokkru kann einnig að valda, að við vorum svo tegundafátækir, að ég þorði ekki að auglýsa plönturnar í blöðunum í Neskaupstað, eins og ég hefi gert nokkur undanfarin vor.

Bókferð sala á garðplöntum (brúttó) nam 62.700 kr., en kostnaður við garðplöntur 35.600 kr.

Á þessu ári tókst ekki að gera neitt til þess að koma garðplönturæktinni hér í almennilegt horf. Við hökkum enn í sama farinu með tegundafátækt og plönturnar eru alltof lítilfjörlegar. Hvort ráðin verður bót á þessu í vor, skal ósagt látið, en fullan hug hefði ég á því, ef mögulegt væri. Þessi er m.a. ein ástæðan til þess, að ég legg eináregið til, að dregið verði verulega úr skógarplöntuframleiðslu.

5. Hreinsun.

Í lok sumarsins var græðireiturinn orðinn mjög vel hreinn af illgresi, þótt ekki liti vel út á miðju sumri. En þetta kostaði aukaátak, sem olli því, að hreinsunin í heild fór 12.000 kr. fram úr áætlun, varð 72.000 kr. í stað 60.000, sem áætlað var.

6. Afhending plantna.

Úr stöðinni voru afgreiddar 143.735 skógarplöntur, 3.940 garðplöntur og 97.500 dreifsetningarplöntur til annarra stöðva.

Nú skeði það í fyrsta sinni, að kasta þurfti um 30.000 greniplöntum - mestmegnis hvítgreni - sem voru alveg tilbúnar til afhendingar í plöntukæli. Einnig varð að henda um 20.000 birkiplöntum (meira en

Til afhendingar áttu að vera 182.700 37.945
+ 143.735

helmingur dreifsett birki), sem reyndust eyðilagðar eftir veturinn. Var sízt minna verk við þá ~~XXXXXXXX~~ sortéringu en venjulega sortéringu. Stöðin hefir misst þarna söluverðmæti, er nemur nær 100.000 kr., fyrir utan fyrirhöfnina að hafa plönturnar tilbúna til afhendingar. Hér höfum við aldrei orðið fyrir öðrum eins skell.

Auk þess standa í reitnum um 12.000 plöntur, sem hægt hefði verið að afgreiða sl. vor.

Langmest af plöntunum var afhent um vorið.

Mjög miklu var hent af hvítgreninu frá Wanza Lake, þar eð þetta kvæmi hafði toppsviðnað mjög illa sl. vetur. Var ei talin ástæða til að þukka upp á það nema sem prufu. Ennfremur var heilmiklu kastað af hvítgreninu frá Moose Pass (hvort tveggja 3/0 plöntur).

Kostnaður við afhendingu skógarplantna varð 21.100 kr., en var áætlaður 20.000.

Raunverulegt verðmæti plantna, sem afgreiddar voru úr stöðinni, er sýnt hér á eftir. Er þetta samlagning á sjálfu plöntuverðinu, þegar búið er að slá af 33% til skógræktarféлага og Skógræktar ríkisins (til samanburðar skal þess getið, að í ársskýrslunni í fyrra voru allar plöntur í skóglendi skógræktar ríkisins reiknaðar á fullu verði héðan):

1. Skógarplöntur	kr. 243.635,04
2. Garðplöntur	" 55.416,25
3. Dreifsetningarplöntur	" 44.390,00

Alls kr. 343.441,29
=====

Dreifsetningarplöntur til annarra stöðva komu ekki til reiknings fyrir áramót.

Bókfærður rekstrarkostnaður gróðrarstöðvarinnar var 457.138,09 kr.

7. Áburðargjöf.

Þetta var notað af áburði í gróðrarstöðinni á árinu:

- 400 kg Kjarni.
- 250 " þrífosfat.
- 300 " brennisteinssúrt kalí.
- 200 " 25-15.
- 5 bílhlöss húsdýráburður.

VI. P l ö n t u n.

1. Hallormsstaður.

Hér var plantað 23.140 plöntum, eins og tafla IV ber með sér.

Plöntunin hófst hér heima á Hallormsstað hinn 4. júní. Var þá plantað stóru broddgreni (með hnaus og skít) neðst í Mörkinni og ofan við skurðinn á leið heim að nýju barnasklabyggingunni. Ennfremur var plantað þar Alaskaösp og geysimikill skítur settur með henni. Þessi plöntun var ákaflega tímafrek og stóð fram á ~~IX~~ 14. júní. En okkur fannst með öllu óforsvaranlegt að kasta þessum fallegu broddgreniplöntum, sem sýnt er að þrífast mjög vel hér á Hallormsstað.

Kostnaður við þessa plöntun varð 10.000 kr.

Hinn 15. júní var farið í Mjóanes, en byrjað hér innfrá aftur 24. júní í Efri-Kúabotnum og unnið þar til 2. júlí. Hinn 7. júlí hófst plöntun í Ljóasárkinn og lauk þar 16. júlí. Var þar plantað hvítgreni, sem tekið var af kæli eftir langa geymslu í plastpokum og slegið ~~XXXX~~ niður inn í skógi. Þá var þrotið grisjað land, sem nothæft var undir greni.

Loks var tekið til á ný 11. ágúst og hreinsaðir ýmsir afgangar úr græðireitnum og þeim plantað í Stóraskógi og Vörðuhrauni í eyður, þar sem drepizt hafði síberíupinur og hvítþinur ~~XX~~ frá 1962.

Gróðursetning á Hallormsstað og í Mjóanesi 1965.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Akur-gerði	LNN	VUN	SUR	HLL	FAR	Mjóanes	Alls	Tími
Blágreini	Sapinero	2/3	-	-	-	-	-	-	100	100	Síðs.
Broddgreini	Sapinero	3/8	-	-	-	-	670	-	-	670	vor.
Hvítgreini	Summit Lake	3/3	-	10.740	-	-	-	-	-	10.740	vor.
Hvítgreini	Seward	3/3	-	-	-	-	-	-	100	100	síðs.
Rauðgreini	N.-Tr. ytre	2/5	-	-	150	250	-	-	-	250	síðs.
Rauðgreini	Miðevrópa	3/5	-	-	60	-	-	-	-	150	síðs.
Rauðgreini	Óviss	-	-	-	-	-	-	-	100	100	síðs.
Sitkabast.	Fairbanks	2/5	-	-	-	100	-	-	-	100	síðs.
Sitkagreini	Homer	2/5	-	-	150	-	-	-	-	150	síðs.
Sitkagreini	Seward	3/3	-	-	-	-	-	-	100	100	síðs.
Svartgreini	Fairbank	2/5	-	-	-	80	-	-	-	80	síðs.
Bergfura	Gínébra	3/4	-	-	-	-	-	-	-	50	síðs.
Broddfura	Hallormsst.	3/4	-	-	-	-	-	-	1.000	1.000	síðs.
Broddfura	Sapinero	3/5	340	-	-	-	-	-	-	340	síðs.
Broddfura	Hallormsst.	3/6	340	-	-	-	-	-	-	340	síðs.
Stafafura	Skagway	5/0	-	-	-	150	-	-	-	150	síðs.
Stafafura	Skagway	3/2	-	-	-	-	-	-	450	450	vor.
Rússalerki	Arkangelisk	2/0	-	-	-	-	-	3.100	3.700	6.800	vor.
Rússalerki	Arkangelisk	3/0	-	-	-	-	-	-	6.325	6.325	vor.
Rússalerki	Arkangelisk	2/2	-	-	-	-	-	-	25	25	síðs.
Rússalerki	Raivola	2/2	-	-	-	-	-	-	25	25	síðs.
Rússalerki	Nésterov (?)	2/2	-	-	-	-	-	6.220	10.000	16.220	vor.
Fjallabínur	Sapinero	3/5	-	-	-	700	-	-	-	700	síðs.
Alaskaösp	-	-	-	-	-	-	90	-	-	90	vor.
Birki	Bæjarst.	3/0	-	-	-	-	-	-	500	500	vor.
Alls	-	-	680	10.740	360	1.280	760	9.320	22.475	45.615	-

Ennfremur var plantað allmiklu af broddfuru í beð hér við húsið á Akurgerði. Var þeirri plöntun hagað með það fyrir augum, að fá mætti 1. flokks garðplöntur af broddfuru með tímanum. Þessi plöntun var því eins konar samland af skróðgarðavinnu og garðplöntuframleiðslu.

Plöntunin hér á Hallormsstað gekk því miður mjög illa, ~~því~~ að því er afköst varðaði. Það var með öllu fráleitt, að hægt væri að beita gildandi ákvæðisvinnutöxtum við megnið af plöntuninni hér. Landið var svo óskaplega ógreiðfært, sérstaklega í Efri-Kúabotnum, sem líklega er einn verstí blettur í landareigninni að þessu leyti, sakir brattlendis og grýttis jarðvegs. Það varð því að vinna verkið að miklu leyti í tímavinnu. Eg hefi tekið saman til fróðleiks, hve mikið þessi plöntun kostaði. Er þá meðtalin vinna Jóns J. Jóhannessonar, eins og í síðari dæmum hér á eftir. - Kostnaður varð 1,55 kr. á plöntu.

Ekki gekk betur með grenið í Ljósárkinn, því að þar varð kostnaðurinn 1,65 kr. á plöntu. Þarna var ákaflega mikil mosapemba og mikið lim, einnig mjög grýtt, er nálgast jaðrana. Var ómögulegt að fá piltana til þess að planta þar í ákvæðisvinnu, nema að mjög litlu leyti. Eg tel, að þar hafi málið verið orðið sálrænt að einhverju leyti. Þá niðurstöðu rökstyð ég með eftirfarandi athugasemd:

Plöntunin í Mjóanesi var á undan hinni eiginlegu skógarplöntun hér. Þar var bezta land, sem hægt er að fá til þess að planta í. Norski pilturinn Svein Pedersen, sem var 1. flokks verkmaður við öll störf, komst þar hest í 1.500 plöntur á dag, sem gáfu honum 750 kr. á dag. Þennan dag tók hann á öllu, sem hann átti og fór ekki aftur nema í 1.300 pl. (650 kr.). Enginn hinna piltanna komst herra en í 1.200 pl. á dag. Í venjulegri tímavinnu hafði Svein um 500 kr. á dag. (10 tímar).

Mér sýst eftir þessu að dæma, að taxtinn sé hér of lágur, ekki sízt ef athugað er, hvernig ákvæðisvinnutöxtum er háttað hér á landi. Þegar kom inn í Kúabotna, reyndi Svein strax við ákvæðisvinnu. Hann komst upp í 700 pl. fyrsta daginn. Það gaf honum 525 kr. á dag með geysilegu erfiði - eða rétt losaði tímavinnukaupið. Þar með var sýnt, að ákvæðisvinnan þarna var vonlaus fyrir 75 aura á plöntu. Þar með var einnig mórallinn brotinn og engin von lengur um almennileg afköst. - Eg tek fram, að hjá hinum piltunum voru afköstin minni en hjá Sveini.

Þarna hefði borgað sig að geta boðið a. m. k. 1,00 kr. fyrir pl., trúlega enn herra.

Afköstin náðust aldrei upp aftur hérna í skóginum.

Þarna var mjög gott dæmi um, hvernig of lágur ákvæðisvinnutaxti getur leitt til taps fyrir vinnukaupanda. Sannleikurinn er sá, að hagkvæmasta plöntunin hefir alltaf orðið hér, þegar ákvæðisvinnutaxtinn hefir verið fremur hár. Það er enginn vafi á því, að nú verður að hækka plöntunartaxtann dálítið í neðsta flokknum, en fara upp í a.m.k. helmingi hærri taxa í bröttu landi og grýttu með miklu limi.

Eg set hér að lokum athugasemd, er Jón J. Jóhannesson skrifaði í dagbókina 30. júní, er plöntunin ~~í~~ í Efri-Kúabotnum var langt komin:

"Hafin var plöntun tveggja ára lerkis. Svæðið, sem valið var fyrir það, er hóll norðan Dagmálamýrar. Jarðvegur virðist ver góður þarna, enda lítt vikurblandinn.

Þar sem mosi var mikill, ruddum við honum brott með skóflunum, en að öðrum kosti hefðu plönturnar að fullu hulizt mosa.

Plönturnar voru illa rættar, en vel gengið frá þeim eftir upptöku. Ef þessi plöntun lánast, má án efa láta unglunga planta slíku lerkis, því að nota má mun léttari áhöld við slíka plöntun en bjúgskóflu eða haka - jafnvel venjulega plöntupinna, sem notaðir eru við plöntun blóma og matjurta. Væri þá sjálfsagt að nota áburð og gróðurmold við slíka plöntun.

Þá mætti og koma á vinnuskiptingu milli gróðrarstöðvar og plöntunar í skóglendi, en það myndi verða þeim unglungum, sem stunda þessi störf, til ánægjuauka og lærdóms. Einhæfni getur leitt til þess, að unglingar

fái óbeitt á skógrækt og veit ég dæmi þess.

Ég skrifa þessa athugasemd í trausti þess, að þetta verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Þennan dag tók veður mjög að batna. 15 stiga hiti mældist um ~~XXXX~~ ~~XXXX~~ hádaginn, en um miðaftan tók að rigna. Getur það ráðið úrslitum um, hvort þessi plöntun heppnast."

2. Mjóanes.

Í Mjóanesi var plantað eins og fyrr segir dagana 15.-24. júní. Jón Jósef gerir þessa athugasemd:

"Alla dagana, er plöntun stóð yfir í Mjóanesi, var veður mjög kalt, 4 - 6 stiga hiti um nónbil.

Vindur stóð af NA og var mjög nóturlegt að standa þarna við plöntun í slíkri veðráttu. Úrkoma var ekki teljandi og til einskis gagns."

Þess er ekki að dyljast, að 2/0 lerkið, sem þarna var plantað, var mjög vesældarlegt í haust. Við gátum vart verið óheppnari með veðráttuna. En næsta og þarnæsta sumar kemur í ljós árangurinn af þessari plöntun. Ef hún skyldi heppnast, erum við mikilvægri reynslu ríkari og getum þá lækkað stofnkostnaðinn við lerkiplöntun mjög mikið.

Hins vegar stóðu 2/2 plönturnar sig afbragðsvel. Það voru engin sýnileg vanhöld á þeim eftir plöntunina. Ennig stóð birkið og stafafuran sig þrýðilega.

Kostnaðurinn við þessa vorplöntun í Mjóanesi varð 0,91 kr. á pl.

Dagana 13.-15. ágúst var plantað í Mjóanes ýmsum sýnishornum til reynslu. Var notaður áburður með sumum.

Öll plöntunin í Mjóanesi fór fram á mólendi, þar sem grasgróður var ákaflega lítill. Einkennisplantan var þursaskegg. Engu að síður fannst okkur rétt að prófa, hvernig greniplöntur spjörðu sig á þessu landi með áburðargjöf, ennfremur birki og furutegundir. Annars er megn- ið af þurrlendinu í Mjóanesi svona land. Hitt er mýrlendi, sem ei verður plantað í nema með plægingu og eftir framræslu.

VII. H i r ð i n g] p l a n t n a.

Hallormsstaður.

a. Kjarrhreinsun. Á öllu svæðinu í Partinum, sem höggvið var, fóru piltarnir fyrst yfir með kjarrsög og hreinsuðu allan teinung, sem orðinn var mjög mikill og farinn að skemma lerkiplönturnar. Sama er að segja um greniplantanirnar.

Hins vegar varð ekki komið við sprautun með hormónalyfjum á þessu sumri, því að hitastig var alltof lágt á þeim tíma, þegar þess hefði þurft með.

b. Áburðargjöf. Hún takmarkaðist nær eingöngu við jólatrjáplantanir í rauðgreni frá 1958. Var þessum plöntum gefinn Kjarni, sem næst 80 g á plöntu. Var ákaflega fróðlegt að sjá mismuninn á þeim plöntum sem fengu áburð og hinum, sem engan fengu. Hinar fyrrnefndu fengu strax um vaxtartímann mjög fallegan lit, en hinar stóðu gular og vesældarlegar. En ekki var lengd ársprota verulega meiri á hinum ábornu að þessu sinni, en nalar áberandi lengri. Hins vegar vænti ég lengri ársprota næsta ár.

Fyrir jólin 1966 verður hægt að fella þarna fyrstu jólatrén. Þá verða plönturnar 9 ára. Og fyrir jólin 1967 verður hægt að fara að fella þar af fullum krafti í 2 lögstu jólatrjáflokkunum.

Í skóginn fóru 350 kg af Kjarna og 50 kg af þrífosfati.

Þess verður að geta, að enginn árangur var enn sýnilegur í sumar af notkun "Ureaform" áburðar. Hann var enn að miklu leyti óuppleystur kringum plönturnar. Hins vegar gætti enn verkunar af Kjarna, sem borinn var á rauðgreni fyrir þremur árum.

Þessi litla reynsla bendir til réttmætis þeirrar athugasemdar próf. ~~XXXXXXXXXXXX~~ Eliasar Morks, sem hann lét falla við mig, að Kjarninn

myndi vera sá köfnunarefnisáburður, sem okkur hentaði bezt.
Kostnaður við þennan lið nam alls 15.000 kr.

VIII. Vegagerð.

Nú voru aðeins ruddir 850 m langir skógarstígar með jarðýtunni. Eru orsakir þess raktar í kaflanum um jarðýtu. Þetta var vegurinn upp Ljósárkinn.

Að örðu leyti var aðeins um að ræða nauðsynlegustu lagfæringar á eldri vegum.

Bókfærður kostnaður en 6.500 kr., þá er ei kominn til reiknings ýtingarkostnaðurinn, sem verður fyrst færður eftir áramót. Hann var 4.800 kr. Raunverulegur kostnaður við vegagerð er þá 11.300 kr.

Vatnsveita skólanna hér á Hallormsstað var tekin úr Helgulæk efst í Hólunum. Liggur leiðslan undir gamla Skriðdalsveginum. Eftir að búið var að jafna ofan á leiðsluna er sá vegur miklu betri en áður. Ennfremur þurfti í sambandi við vatnsveituna að gera fullkominn veg út með Kistuklettum að Staðará, þar sem oft var ófært áður vegna bleytu. Við höfum nú fengið þarna í samband þanna vegarstúf, sem vantaði til þess að fá góðan veg upp í Framhólana.

Loks er þess að geta, að Vegagerð ríkisins hélt áfram vegagerðinni fyrir neðan Buðlungavelli og smíðaði brú á Buðlungavallaá, svo að þarna er nú orðinn vel greiðfær vegur öllum bílum, þótt ekki sé hann fullgerður.

IX. Byggingar.

Mörkin. Gengið var frá svefnskála piltanna að utan. Var hann súðbyrtur með $3/4 \times 5$ " borðum og málaður. Enn vantar þó samilega útihurð. Þá voru sett upp 6 föst rúmstæði inni í skálanum. Í haust var gengið frá vatnsleiðslu og frárennsli inn í skálann. Eru þá bara hreinlætistöki óuppsett.

Ennþá var gamla húsið skinnað dálítið upp:

Þakið var einangrað með plasti og settinull að nokkru leyti og loftið milli svefnherbergjanna klætt innan með hörplötum. Úti undir súðinni voru gerðir geymsluskápar, sem hægt er að læsa. Tveir þakgluggar voru settir á þakið að framan. Lítur loft þetta nú loksins út eins og mannabústaður.

Snyrtiherbergin voru lagfærð dálítið og máluð, ásamt aðalganginum og loftinu uppi.

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins fékkst nú leyfi fyrir allt að 10 kW hitun á ódýrasta taxta, en fyrra leyfi hlóðaði upp á 4 kW. Nægir þetta til þess að hita **XX** allt húsið árið um kring og svefnskálann að sumarlagi með rafmagni. Þetta er mjög hagkvæm hitun og ósakplegur munur frá því, sem áður var. Þar sem unglingar eru, eins og flest fólk er í Mörkinni á sumrin, var viðarofnahitunin mjög óheppileg.

Loks er þess að geta, að keypt var 300 l frystikista frá Rafha og sett í litla búið úti. Er þá matvælageymslan orðin mjög forsvaranleg. En auðvitað verður fjandi heitt í búrinu í mestu hitum á sumrin. Það er bara svo sjaldan. - Búið var málað utan í sma stíl og svefnskálinn.

Allur kostnaður við viðhald og endurbætur fasteigna nam 112.700 kr. Þar af kostaði frystikistan 17.555 kr. Eg hefi ekki sundurliðað, hve mikill hluti þessa kostnaðar heyrir til svefnskálanum og hve mikill gamla húsinu.

X. V é l a r o g v e r k f æ r i .

1. Áhöld og verkfæri.

Engin merk ný verkfæri voru keypt, en haldið áfram að bæta við ýmis nauðsynleg smáverkfæri og er fljótt að koma í kostnaðinn, en hann varð 10.000 kr.

Viðgerðir og varahlutir verkfæra og áhalda kostuðu alls 23.500 kr. Af því voru varahlutir 15.000 kr. og í kjarrsagirnar einar 13.500 kr. En nú eigum við líka orðið kjarna af varahlutalager í ~~XXXXXX~~ sagirn- ar. Þarf nú aðeins að bæta við hann eftir hendinni.

Heildargjöld á verkfæraliðnum voru 35.400 kr., en tekjur 1.750 kr.

2. Bifreið.

Settur var sturtupallur á vörubifreiðina og nam kostnaður við það um 20.000 kr. Kom bifreiðin nú að fullum notum og reyndist ágætlega. M.a. var hún notuð allmikið í sand- og mókeyrslu og reyndist þar vel, þegar ekki þarf að flytja langt, því að pallurinn er ekki stór, aðeins 4 m á lengd.

Allur kostnaður við bifreiðina varð 43.400 kr., þar af benzín og olíur 10.000 kr. Hins vegar eru bókfærðar tekjur af leigu ekki nema 1.640 kr., en þá vantar alveg millifærðar tekjur, sem ekki var aðstaða til að færa fyrir áramót.

3. Dráttarvél.

Nær enginn viðgerðarkostnaður var á henni á árinu, aðeins um 2.000 kr. og benzín og olíur fyrir 5.300 kr.

4. Jarðýta.

Gangtímar jarðýtunnar á árinu urðu ekki nema 112. Var orsökkin til þess m. a. sú, að hinn gamli ýtumaður okkar, Guðmundur Jónsson, hætti störfum hjá okkur og annar ófenginn í hans stað. En Bragi Jónsson á Freyshólum vann mest þetta, sem gert var með henni, en er alveg óvanur. Þetta varð samt til þess, að miklu minna var unnið með ýtunni en ella hefði orðið.

Kostnaður við úthaldið var 34.000 kr., þar af um 22.900 kr. viðgerðir og varahlutir. En bókfærðar ~~XXXXXX~~ tekjur urðu ei nema 15.400 kr., en þá eru ófærðar til reiknings tekjur, er nema 12.300 kr., svo að halli varð ei mikill á rekstrinum.

Til þess að mæta varahlutabörf, sem nú er orðin brýn, hefi ég þegar fest kaup á ýtu af sömu gerð, er ég minntist á í síðustu skýrslu. Við fáum hana fyrir 20.000 kr. - og eru það (okkar á milli sagt) hrein reyfarakaup.

XI. F e r ð i r o g l e i ð b e i n i n g a r .

Ég fór lítið um umdæmið á árinu. Helzt er að geta ferðar norður í Vopnafjörð í september. Skoðaði ég þar girðinguna við Torfastaðaskóla og garðinn í Ytri-Hlíð. Ennfremur kom ég í Síreksstaði og ræddi við bóndann þar um girðinguna á Hofsborgartungu. Verður nú útilokað að skjóta sér lengur undan því að taka hana upp.

Að öðru leyti voru bara stutt ferðalög ~~XXX~~ og heimsóknir til skóg- ræktarmanna hér á Héraði, m.a. stundaði ég Fljótsdalinn allmikið sl. vor í sambandi við hugmyndina um bændaskóga þar.

Annars á ég mjög lítið heimangengt yfir annatímann, var auk þess bíllaus allt árið.

Ég fór á skóagrvarðafund hinn 20. febrúar og kom heim 25. marz. Auk skógarvarðarfundar fór allmikill tími í athuganir og bollaleggingar um Fljótsdalshugmyndina. Og ~~XXXX~~ a.m.k. vikutími fór í stúss í sam- bandi við byggingu barnaskólans hér. Að öðru leyti var maður að létta

sér upp í höfuðstaðnum.

Hér er kannski áætlað til að minnast á það, að þessar vetrardvalir mínar í Reykjavík, sem oftast hafa verið frá 4 til 6 vikum, koma ekki nema að takmörkuðu leyti í staðinn fyrir sumarfrí, þótt ég hafi fram að þessu litið svo á. Af þeim hálfu oftast um 2 vikur farið í skógarvarðafund og eftirhreytur hans. Mikið af tímanum hefir maður löngum verið að þvælast á skrifstofu Skógræktarinnar flesta daga og eitt-hvað að snúast fyrir Stofnunina (það var með minnsta móti sl. vetur). Hið eiginlega sumarfrí, þegar menn taka sér algera hvíld frá starfinu, hefir í rauninni aldrei verið tekið (nema kannski örfáir dagar). Auðvitað ber að stefna að því, að skógarverðir geti tekið sér svona frí eins og aðrir opinberir starfsmenn.

Með þessum orðum er ég alls ekki að ásaka neinn, heldur aðeins að skýra mál, sem fyrr eða seinna ~~XXXXXX~~ ber að taka afstöðu til.

Loks er þess að geta af ferðalögum, að hinn 27. ág. fór ég á aðalfund Skf. Íslands á Blönduósi. Kom ég til baka úr þeirri ferð 31. ág.

Ég var nærri búinn að gleyma því, að 15. maí sat ég aðalfund Skógræktarfélagss Neskaupstaðar og skoðaði daginn eftir girðingu félagsins ásamt stjórn þess. Því miður líta barrtrén þar mjög illa út og er það hryggilegt, því að stjórn þessa félags hefir sýnt óvenjulegan dugnað í starfi sínu og öll verk þarna framkvæmd mjög skipulega og vel.

XII. Ý M I S L E G T.

Samkomur í Atlavík. Skógræktarfélag Austurlands hélt júlísamkomuna í Atlavík að þessu sinni. Fór hún fram með líku snæði og samkomur þessar á undanförunum árum. Fjölmenni var og gott veður.

Um verzlunarmannahelgina var Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands nú heimilað samkomuhald á ný, með því sambandið hugðist gera tilraun með að halda áfengislausu samkomu. Er skemmt frá að segja, að samkomuhald þetta tókst með afbrigðum vel. Samkoman var til mikils sóma öllum aðilum, enda sást vart ölvaður maður. Varzla var svo sterk, að menn voru óðara teknir úr umferð, ef þeim sáust hafa áfengi um hönd. En fyrst og fremst var reynt að koma í veg fyrir, að áfengi bærst inn á samkomusvæðið með því, að lögregla leitaði í bílum við skógarhliðið og gerði upptækt áfengi, sem þar fannst. En það var ótrúlega lítið. Alls voru 44 menn teknir úr umferð yfir þessa helgi.

Þetta var ákaflega ánægjulegur árangur, sem sýndi, að hægt er að halda "skógarsamkomur" með menningarbrag.

Ferðafólk og gestir. Á þessu sumri kom enginn tilsvarendi hlýindakafli, sambærilegur við seinni hluta júlí í fyrra. Fyrir því kom hér aldrei jafnmikill ferðamannastraumur og þá. En það var mjög jafn straumur af ferðafólki frá júlíbyrjun og út að kuldakastinu seint í júlí. Á þessum tíma voru þetta 10 til 30 tjöld í Atlavík flesta daga.

Við lögðum nú mikið verk í að halda Víkinni hreinni, enda hafði margt ferðafólk orð á því, að þar væri snyrtilegra en á mörgum tjaldstöðum ferðamanna.

Tveir nýir kamrar voru settir upp í Víkina fyrir verzlunarmannahelgina. Tilbúinn áburður var borinn á grundirnar þar seinnipart júlí og var að því veruleg bót.

Mörgum gestum var sýnt um skóginn á sumrinu. Jón J. Jóhannesson sýndi mörgum, sem hér verða ei taldir, og einnig skógræktarstjóri, er hann dvaldi hér dagana 15.-23. júlí.

Ég nefni þessa hópa og einstaklinga, sem ég sjálfur vísaði um skógin:

- 18. júní. Bændaför Vestfirðinga, 106 manns, undir leiðsögn Ragnars Ásgeirssonar og Guðm. Inga Kristjánssonar á Kirkjubóli.
- 20.- 23. " Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra, Eva kona hans, Hákon Bjarnason skógræktarstj. og Guðrún kona hans.

22. júní. Tveir rússneskir fiskifræðingar frá Múrmannsk, er afhentu fræprufur frá Bótaníska garðinum í Múrmansk. Í fylgd með þeim voru Ingvar Hallgrímsson fiskifræðingur, Hrólfur Ingólfsson bæjarstj. á Seyðisfirði og Arnór Hannibalsson túlkur.
8. júlí. Dr. Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur.
12. " Jóhannes skáld úr Kötlum, er hélt ræðu á samkomu SKAL í Atlavík daginn áður.
12. " Norrænir húsmæðrakennarar, 80 talsins, undir leiðsögn Halldóru Eggertsdóttur námsstjóra.
12. " Ferðamannahópur frá ferðaskrifst. Útsýn undir leiðsögn Lofta Guttormssonar sagnfræðings.
16. " Dr. Björn Sigfússon háskólabókavörður og kona hans.
26. " Sættingrímur Bernharðsson bankastjóri, Akureyri, og kona hans.
10. ág. Sænskur ferðamannahópur á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins undir leiðsögn Ólafs Jónssonar fil. kand.
12. " Nokkrir meðlimir Ferðamálaráðs: Sig. Magnússon fulltrúi, Lúðvík Hjálmyýsson, Lárus Ottesen, Birgir Þorgilsson, Sigurjón Ragnarsson og Edvard Frederiksen.
15. " Ferðamannahópur frá Útsýn undir leiðsögn Þórunnar Magnúsdóttur.
16. " Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri, dóttir hans og þýzk hjón.
18. " Sveinn Ólafsson myndskeri og tveir menn af Patreksfirði.
20. " Sigurður Thoroddsen verkfræðingur.
27. " Mr. Parker M.P., formaður skógræktarnefndar Neðri málstofunnar í London, ungur sonur hans og vinur hans og jafnaldri.
- 1.- 4. sept. Einar Sæmundsen skógarvörður og Einar yngri sonur hans.
15. " Jóhann Magnússon framkvæmdstj., Friðrik Vilhjálmsson framkvæmdstj., Þórður Jóhannsson skólastjóri og Hjörleifur Guttormsson kennari í Neskaupstað.
27. " Henning Thomsen ambassador Vestur-Þýzkalands og Pétur Blöndal vararæðismaður Þjóðverja á Seyðisfirði.
28. " -
1. okt. Baldur Þorsteinsson skógfræðingur.
20. " Vilhjálmur Sigtrygsson skógverkstj., Reynir Vilhjálmsson skruðgarðaarkitekt og Þorvaldur Þorvaldsson arkitekt.
5. nóv. Gagnfræða- og landsprófsdeild Alþýðuskólans á Eiðum undir leiðsögn Þorkels Sæjvar Ellertssonar skólastjóra.
21. " Sr. Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri Umf. Íslands, Hafsetinn Þorvaldsson ritari Umf. Íslands og 4 stjórnaméðlimir UÍA.

Hallormsstað, 6. febrúar 1966,

Sig. Blöndal

P. s. Skýrsla mín berst svona seint núna, vegna þess að ég veiktist tvisvar sinnum núna eftir áramótin, fyrst fyrir miðjan janúar og svo núna um mánaðamótin. Tafðist skýrslugerð fyrir mér af þeim sökum nokkuð á aðra viku.

S. Bl.